


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál.

Saga heimsins er endanlegur þáttur í tilveru sem er óendanleg.

Helgi Pjeturss.



BALDUR

Höggmynd eftir B. E. Fogelberg, 1786—1854.

Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Baldur

(SJÁ FORSÍÐUMYND)

Á forsíðu má sjá mynd af Baldri. Er hún gerð af myndhöggvar-
anum B. E. Fogelberg, sem uppi var 1786—1854. Talsverð líking
er með þessari mynd og Kristis-mynd Alberts Thorvaldsens, sem
stendur í Fruekirke í Kaupmannahöfn. Thorvaldsen var uppi frá
1770—1844 og hafa þeir því verið samtíðarmenn.

Þessi mynd af Baldri er úr bókinni *Gudar och hjältar i Norden*,
eftir Anders Bæksted.

Ingvar Agnarsson.

— — —

Svo segir í Gylfaginningu: „Annarr sonr Óðins er Baldr, ok er
frá honum gott at segja. Hann er beztr, ok hann lofa allir. Hann er
svá fagr álitum ok bjartr, svá at lýsir af honum, ok eitt gras er svá
hvítt, at jafnat er til Baldrs brár. Þat er allra grasa hvítast, ok þar
eftir mátt þú marka fegrð hans bæði á hár ok á líki. Hann er vitr-
astr ásanna ok fegrst talaðr ok líknsamastr, en sú náttúra fylgir
honum, at engi má haldast dómr hans. Hann býr þar, sem heitir
Breiðablik. Þat er á himni. Í þeim stað má ekki vera óhreint, svá
sem hér segir:

Breiðablik heita,
þar er Baldr hefir
sér of görva sali,
á því landi,
er ek liggja veit
fæsta feiknstafi.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 5. febrúar 1975.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 5. febrúar 1975 að Álfhólsvegi 121. Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn kl. 9,20, og bað hann Kjartan Norðdahl vera fundarstjóra, en Steingerði Þorsteinsdóttur fundarritara.

Þessu næst las Steingerður fundargerð janúarfundarins, og var hún samþykkt án athugasemda.

Fyrsta dagskráratriði var: Félagsmál. Kosning uppstillingarnefndar o. fl. Kvaðst Kjartan fundarstjóri verða að hefja umræður með máli sem ætti heima undir þessum dagskrárlið. Bað hann formann taka að sér fundarstjórn á meðan. Kosin hefði verið nefnd, sagði Kjartan, til þess að koma af stað sérstökum sambandsfundum með nýju sniði. Síðan hefði nefndinni verið falið að sjá um 5 fundi, og hefði hún þá viljað hafa á þeim ákveðna stjórn og skipulag, en það hefði undireins á öðrum fundinum farið eitthvað úr böndunum, m. a. hvað lengd fundarins snerti. Taldi Kjartan miklu betra að menn sætu kyrrir og töluðu eitthvað saman um fundina á eftir, en þá þyrfti þeim líka að ljúka á ákveðnum tíma, og ekki of seint. Kjartan sagði að þeir nefndarmenn vildu leggja það undir félagsfundinn, hvort nefndin ætti að sjá um næstu þrjá fundi og hafa stjórn á þeim.

Urðu nokkrar umræður um þetta mál og sýndist sitt hverjum. Ingvar bar þá undir atkvæði, hvort samþykkt væri að sama nefnd sæti áfram og færi með stjórn fundanna eins og áður. Var það samþykkt mótakvæðalaust. — Þessu næst var kosin uppstillingarnefnd til undirbúnings stjórnarkjöri á aðalfundi 22. mars: Þórir Kristinsson, Þorsteinn Guðjónsson og Ægir Ólafsson.

Annar dagskrárliður var: Kynning Nýalstefnunnar meðal almenningis í ræðu og riti. Frummælandi var Helgi Guðlaugsson. Urðu um þetta efni allmiklar umræður og er hér ekki rúm til að

rekja þær nákvæmlega, en nokkrar setningar birtar sem sýnishorn þess hvernig umræður fóru fram:

Þorsteinn Guðjónsson: Þeir eru ekki fáir sem vinna að kynningu málefnis Nýals. Blaðgreinar, fundir, erindi, umræður manna á meðal, og það sem gert er fyrir aðsetur félagsins. Allt er þetta kynning á málefninu. Sókn í allar áttir er það sem helst á að vera.

Steinþór Ásgeirsson: Ég vil bera fram þá tillögu, að gefið verði úr úrval eða útdráttur úr Nýal dr. Helga Þjeturss, því ritin eru svo mikil að vöxtum, að mönnum fellst hugur við að lesa þau öll.

Kjartan Norðdahl: Ágrip af kenningu Nýals er til og er það bók Þorsteins Guðjónssonar: Líf er á öðrum stjörnum. En að því er snertir rit dr. Helga, þá er mörgum svo farið, sem á annað borð fara að lesa þau, að þeim þykir þau heldur of lítil en of mikil að vöxtum, og vilja fá meira.

Fundurinn fól Ingvari Agnarssyni að sjá um útgáfu félagsblaðsins í eitt ár a.m.k. og veitti honum heimild til að breyta um nafn á þeim hluta blaðsins, sem undanfarið ár hefur einkum fjallað um heimspekileg eða fræðileg efni. Taldi Ingvar að nýtt nafn á þeim hluta blaðsins mundi auðvelda kynningu málefnisins út á við, meðal ófélagsbundinna einstaklinga.

Þriðja dagskrárefnið var erindi Ólafs Halldórssonar. Heimspekilegs efnis, eins og sagt hafði verið í fundarboði, en hann kvaðst reyndar ætla að ræða mest um erlendar rannsóknir frá síðari árum, sem styðja kenningar dr. Helga Þjeturss, og aðallega þær sem gerðar hafa verið í Austur-Evrópu. Enda kvaðst hann hafa komist yfir bókina „Sálrænar uppgötvanir handan járntjalds“ eftir bandarísku blaðakonurnar Lynn Schroeder og Sheila Ostrander. Skýrði Ólafur síðan vel og rækilega frá allmörgum athyglisverðum þáttum þessara rannsókna, sem raktir eru í þeirri bók, og taldi bera vott um að verið væri á athyglisverðri leið í þeim efnum þar eystra.

Kjartan sagði að sér yrði nú jafnan þannig við, þegar hann frétti af því sem til framfara horfði í þessum efnum erlendis, að einhverja afbrýðissemi vakti það sér, að Nýals væri þar að engu getið, því að slíkt væri auðsjáanlega ekki maklegt. Þorsteinn Guðjónsson tók undir þetta, og sagðist nýlega hafa fengið bréf frá pólskum vini sínum, sem segir að allt sé undir því komið að Nýalssinnar á Íslandi hristi af sér mókið, og gerði sér ljósa þá miklu þýðingu, sem rit dr. Helga Þjeturss geta haft fyrir allt mannkyn.

Kjartan tók til máls og vakti athygli á því hver háski væri á

ferðum, ef rannsóknir á þessum sviðum þróuðust í ranga stefnu, og nefndi illa meðferð á dýrum í því sambandi.

Fjórði dagskrárliður var önnur mál. Þar tók Ingvar fyrstur til máls og sagði að það hefði áður komið fram í félaginu, að rétt væri að það léti almenn þjóðmál til sín taka. En þó hefði lítið borið á því enn að menn sameinuðust hér um slík mál. En nú sagði Ingvar að hann og þrír aðrir félagsmenn, Helgi Guðlaugsson, Ólafur Halldórsson og Þorsteinn Guðjónsson hefðu orðið ásáttir um að bera undir fundinn áskorun til alþingismanna gegn framkomnu *frumvarpi um fóstureyðingar*. Ingvar las síðan greinargerð sem hann hafði samið fyrir þessari áskorun, og það síðan Þorstein að lesa áskorunina sjálfa. Gerði hann það, og reifaði hvert hinna þriggja atriða hennar, jafnframt því sem hann bað menn að athuga vel hvað hér væri verið að gera. Félagfundurinn væri með þessu ekki aðeins að gera ályktun um nefnt málefni, heldur einnig að marka félaginu þá stefnu að *hafa afskipti út á við*. Bað hann menn hugleiða þetta vel, áður en þeir tækju ákvörðun. Sigurður Ólafsson kvaddi sér hljóðs og bað menn samþykkja ályktunina og fela síðan fjórmeningunum að koma málinu áleiðis, og greinargerðin taldi hann að endilega þyrfti að fylgja ályktuninni. Ýmsir fundarmenn lýstu síðan fylgi sínu við ályktunina og höfðu sumir á orði að hún þyrfti að komast í blöð, útvarp og sjónvarp til almennrar kynningar. Pétur Gíslason sagði að ekki væri vitað, hvort þessi meðferð væri skaðleg fyrir fóstrið, en hitt megum við vita að þetta er skaðlegt fyrir fólkið sem framkvæmir þennan verknað, sagði hann, og hafði það ekki áður komið fram í þessum umræðum. Fundarstjóri spurði enn, hvort menn hefðu nú engar efasemdir, og endurtók það eftir Þorsteini, að með þessu væri félagið að leggja út á nýja braut. „Hvað sem öllum efasemdum líður,“ sagði hann svo, „þá er þetta svo alvarlegt mál, að hér er ekki eftir neinu að bíða.“ Sigurður Ólafsson lagði til, að fjórmeningarnir hröðuðu verki sínu sem mest, og eftir það var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 11,15 og höfðu setið hann um 25 manns.

Félagfundur 5. mars 1975.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna 5. mars 1975, og setti formaður fundinn laust eftir kl. 9, og bað Steingerði Þorsteinsdóttur að vera ritara fundarins. Las hún því næst síðustu fundargerð og var hún samþykkt án athugasemda.

Viðburðir síðasta mánaðar:

Ingvar sagðist nú vilja skýra í fáum orðum frá helstu viðburðum undanfarins mánaðar, sem snertu málefni Nýals og félagið:

1) Á fundi 5. febrúar gerði Félag Nýalssinnar samþykkt um *mótmæli gegn fóstureyðingafrumvarpi*, sem liggur fyrir Alþingi (sjá Félagsblað nr. 46). Fréttir af þessari samþykkt birtust í Alþýðublaðinu, Morgunblaðinu og Þjóðviljanum. Í Útvarpinu var vel og greinilega sagt frá henni, og einnig mun hennar hafa verið getið í sjónvarpi. Mun frétt þessi hafa vakið allmikla athygli meðal almennings.

2) Furðuljós (eða „fljúgandi diskar“) sást á tveim stöðum á landinu, svo að fréttir bærust af. Fyrst á *Húsavík* í byrjun mánaðarins, og sáu margir bæjarbúar. Annað slíkt fyrirbæri sást í *Vopnafirði*. Ljós birtist þar svo skært, að það blindaði nærri mann sem sá það.

3) Eitt hefti af *Félagsblaði Nýalssinna* kom út í mánuðinum, og var það nr. 46.

4) Ákveðið hefur verið að félagið haldi opinberan kynningarfund í Norræna húsinu þ. 14. mars.

5) Vegna sölunnar á Nýalsupplaginu árið 1972 hafa stjórnarmenn nú rætt við Guðjón Ó. Guðjónsson bókaútgefanda, og gerðist það um miðjan febrúar. Lofaði bókaútgefandinn að greiða að fullu skuld sína við félagið upp úr mánaðamótunum.

6) Miðilsfundir hafa verið haldnir á hverjum mánudegi s.l. mánuð. Hefur aðsókn verið góð, og fundirnir yfirleitt tekist vel.

7) Hinir sérstöku, skipulögðu miðilsfundir voru haldnir tveir í mánuðinum. Sá fyrri var 13. febrúar og var því miður ekki sterkur fundur. Hinn síðari var 27. febrúar og mun hafa tekist allvel.

8) Þriðjudaginn 18. febrúar var haldin samkoma með umræðum og kaffidrykkju í kristalsal Hótel Loftleiða. Tvö erindi voru flutt, og síðan var rætt saman yfir borðum.

Nokkrar umræður urðu á eftir um ýmis atriði í ræðu Ingvars. Atli spurði hvort fyrirbrigðið í Vopnafirði hefði verið ljósfyrirbrigði aðeins, eða hlutur með ákveðinni lögun, og einnig spurði hann hvernig fyrirbrigðið á Húsavík hefði litið út. Sveinn Haraldsson sagði að því hefði verið líkt við fjögralaufa smára, sem sást á Húsavík. Helgi Guðlaugsson sagði að það fyrirbrigði hefði sést í hálf tíma og fjöldi bæjarbúa horft á það.

Kjartan N. sagðist hafa orðið þess var að mótmæli Nýalssinna

gegn fóstureyðingafrumvarpinu hefðu vakið mikla athygli meðal almennings. Hann spurðist fyrir um hvort nokkuð hefði frétst af undirtektum alþingismanna. Það kom fram, að lítið hefði af þeim frétst nema óbeint.

Þessu næst flutti Kjartan „hugleiðingu um svípi, líkamninga o. fl.“ sem boðuð hafði verið í dagskrá. Hann sagði að efni það, sem hann ætlaði að tala um, væri ómerkilegt, skipti ekki miklu máli, en þó vildi hann ræða það nokkuð. Hann benti á dæmi um það, að mönnum missýndist stundum um það, hvað væru sambandsfyrirbærir og hvað ekki, og varaði við fljótferni og trúgirni í þeim efnum. Hann taldi það ekki einhlítt, að skyggirnir menn sæju svípina jafnt fyrir því þó þeir loki augunum. Taldi hann að sumir sæju þá aðeins með opnum augum. Þó viðurekndi hann, að sumar skyggnilýsingar staðfestu það, að skyggnisýnin væri óháð því hvort augun væru lokuð eða opin, en taldi slíkt sérstaklega eiga við um huldufólkssýnir. Að lokum sagði Kjartan, að mestu máli skipti að skilja aðalatriðin.

Helgi Guðlaugsson áleit að svípirnir væru vísir til líkamningar. Svípur sem hinn skyggni maður sér ekki þegar hann lokar augunum, er „hérnamegin“, hann er byrjaður að líkamast hér.

Hulda Valdimarsdóttir spurði: Hve margir þeirra sem hér eru staddir hafa séð svip. Nokkrir réttu upp höndina.

Ingvar Agnarsson sagðist vilja nefna eitt í sambandi við svípi sem Kjartan hefði ekki minnst á, en það væri það þegar fólki *fyndist* eins og einhver stæði fyrir aftan það, og heyrði þá gjarnan eða næmi orð og setningar, sem það hygði stafa frá hinum framliðna.

Þorsteinn sagði að rétt vísindaleg varkárni væri að vísu nauðsynleg, en þó væri annað ekki síður nauðsynlegt, og það væri að láta ekki marklausar skýringar hrekja sig frá því að trúa fyrirbrigðum þegar þau gerðust. Hann sagði frá því, að merkur náttúrufræðingur ætlaði eitt sinn að sýna fram á að það sem menn teldu skyggni, væri oft öðru vísi til komið. Sagði náttúrufræðingurinn frá dæmi um það, að hann „hélt að hann væri að verða skygg“, sem nánari athugun hefði þó leitt í ljós að ekki hefði verið. En þá vildi reyndar svo til að dæmið bar það með sér, að hann hafði verið í sambandsástandi meðan hann sá sýnina. Sum dæmi sem rengd hafa verið, taldi Þorsteinn mjög merk.

Pétur Gíslason sagði: Það streymir út frá hverjum manni orka, það eru kjarnasýrurnar, og þá geta sést svípir. Helgi Pjeturss talar um endurvöxt, og er það náttúrufræðilegt hugtak í beinum tengsl-

um við almenna náttúrufræði og þann skilning verður að hafa í huga, þegar um þessi fyrirbrigði er rætt. Það var talað um útfrymi í sálarrannsóknunum. H.P. notar það orð ekki beinlínis en þetta er það sem streymir út frá líkamanum, sagði Pétur Gíslason.

Gunnar Grímsson sagði frá dæmi sem kom fyrir hann í æsku, en hann var þá skyggn um tíma. Hann var sendur að kalla á fólkið í matinn, og bar melholt á milli þess og hans, en þá sér hann konu með skýluklút vera að raka skammt frá sér. Kallar hann á hana og lítur hún við, en þá rennur það upp fyrir honum, að þarna á enginn að vera, enda óræktarmói og engin slægja þar sem hann sá konuna. En þó þótti honum hún bera sig að því að raka eins og hver önnur. Hafi þetta nú verið sambandsýn eingöngu, hvers vegna leit konan þá upp þegar ég kallaði? spurði Gunnar Grímsson.

Næsta dagskeráratríði var: „Rætt um sambandsfundatilraunir.“ Um þetta mál var talsvert rætt og tóku þessir til máls: Atli Hraunfjörð, Magnús Norðdahl, Kjartan Norðdahl, Hulda Valdimarsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Örn Friðriksson og Ingvar Agnarsson.

Þessu næst bauð formaður til umræðna um „önnur mál.“ Atli spurði hvenær uppstillinganefnd ætti að skila álit. Það kom fram að sá tími væri ekki kominn. Rætt var um möguleika á kaffikvöldum í stöðinni, og spunnust af því talsverðar umræður.

Sigríður Guðmundsdóttir spurði: „Hvar er ábyrgð félagsins gagnvart miðlum sem þroskast upp á vegum þess?“ Ingvar varð fyrir svörum, og sagði að Sigríður hefði hér hreyft athyglisverðu máli, t.d. varðandi það, ef óvant fólk félli í sambandsástand á fundi. Yrði að gæta þess vandlega „að slíkt yrði ekki til meins. Einhver yrði að vera til taks í hvert sinn til þess að fylgjast með öllu slíku, sagði Ingvar.

Fundi lauk 20 mín. yfir 11. 22 sátu fundinn.

Aðalfundur 22. mars 1975

Aðalfundur Félags Nýalssinna var haldinn laugardaginn 22. mars 1975 að Álfrólsvægi 121. Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn kl. 3,20 og bað Ragnar Þorsteinsson vera fundarstjóra og Steingerði Þorsteinsdóttur fundarritara, og bað hana síðan lesa fundargerð síðasta fundar. Gerði hún það og var fundargerðin samþykkt án verulegra athugasemda.

Fjórir nýir félagsmenn gengu í félagið. Voru nöfn þeirra lesin upp og samþykkt einróma af fundarmönnum.

Fyrirspurn kom frá Atla um það hvort nýir menn ættu að vera viðstaddir, þegar þeir væru samþykktir, en var svarað í fyrsta lagi á þá leið, að slíkt mundi verða mörgum erfitt sem búsettir eru fjarri þessum stað, og í öðru lagi væru engin fyriræli um þetta í lögum.

Þessu næst flutti formaður yfirlit um starfsemi félagsins á liðnu ári. Rakti hann þar hina ýmsu þætti félagsstarfsins, og þakkaði framlög og sjálfboðastarf, en hvort tveggja hefur verið óvenju mikið á undanfögnu ári.

Næst hófust almennar umræður um félagsmál. Rætt var um opinbera kynningarfundir, sem farið hafa fram á vegum félagsins, um skrá yfir ritverk dr. Helga Pjeturss, um slæga fundarsókn og um það að sumir mættu of seint á fundinn. Rætt var um útgáfu „Miðgarðs“ og Félagsblaðsins. Voru menn ekki alls kostar á eitt sáttir um hvernig haldið skyldi á þeim málum af hálfu félagsins.

Þorsteinn ræddi um hina merkilegu hugmynd, sem býr undir nafninu Miðgarður. Hann sagði að Kj. Norðdahl hefði leitað til sín í sambandi við þetta nafn, þegar hann var að byrja á ritinu, og hefði hann þá gert Kjartani ljóst, að Forngermanir hefðu átt þessa hugmynd upphaflega, og þaðan væri nafnið komið. Væri það til bæði í gotnesku, fornensku, fornháþýsku og frumnorrænu, og þýddi alls staðar hið sama: Mannheim, sem stæði nokkuð jafnt af sér gagnvart heimi guðanna, Ásgarði, og svo hinum illa stað, Útgarðinum, þar sem misklið og slysnir er ráðandi.

Síðan var gengið til stjórnarkjörs, og hlutu þessir kosningu:

Ingvar Agnarsson, formaður

Sigurður Ólafsson, varaformaður

Ragnar Þorsteinsson, ritari

Helgi Guðlaugsson, gjaldkeri

Magnús Norðdahl, meðstjórnandi

Hulda Valdimarsdóttir, varamaður

Sigríður Jónsdóttir, varamaður

Endurskoðendur voru kosnir: Gunnar Grímsson og Sveinn Þ. Víkingur.

Haukur Matthíasson bar fram eftirfarandi tillögu um nafnbreytingu og verkvið félagsins: „Félagið heitir Rannsóknarstofnun dr. Helga Pjeturss, og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík. Tilgangur félagsins er að stuðla að rannsóknum á sviði fyrirburðafraeða með kenningar dr. Helga Pjeturss sem grundvallar vinnukenning-

ar.“ Tillaga þessi var rædd nokkuð, en afgreiðslu hennar frestað að sinni.

Fundinn sátu um 22 félagar. Fundi lauk kl. 18,30.

Félagsfundur 2. apríl 1975.

Almennur félagsfundur Nýalssinna var haldinn að Álfhólsvegi 121, 2. apríl 1975 og hófst hann kl. 21,15. Formaður bað Steingerði Þorsteinsdóttur að vera ritara og Helga Guðlaugsson fundarstjóra, og eftir það las ritari fundargerð aðalfundar. Var hún samþykkt án athugasemda. Næsta dagskráratriði var: Áhrifamáttur hljómlistar og hljómasambanda eftir Garðar Olgeirsson í Hellisholtum, en hann hafði sent formanni félagsins þessa ritgerð sína til birtingar. Nokkrar umræður urðu um efni ritgerðarinnar, og í framhaldi af því um hljómlist yfirleitt á sambandsfundum Nýalssinna.

Þorsteinn G. flutti óformlegt erindi um það sem hann kallaði fyrirstöðu gegn málefni Nýals. Taldi hann að Nýalssinnar þyrftu að gera sér grein fyrir því að um andstöðu væri að ræða, og nefndi hann nokkur dæmi sem hann taldi bera vott um að framgangur nýalskra málefna hefði strandað á slíkri tregðu eða skilningsleysi í garð þeirra. Magnús Norðdahl tók undir með Þorsteini og taldi að Nýalssinnar ættu að sameina krafta sína til einbeittari sóknar.

Kjartan N. sagði að kostnaður við fyrsta hefti Miðgarðs hefði verið 83.000 krónur og hefði verið borgaður úr félagssjóði, og stæði sú skuld enn, en þau 30.000 sem fengist hefðu frá kaupendum ásamt peningagjöf að upphæð kr. 25.000 hefðu nú verið notaðar til þess að gefa út annað blað af Miðgarði.

Eftir það var fundi slitið. 17 manns sátu fundinn.

Breytni Nýalssinna

Við, sem stöndum að sambandstilraunum Nýalssinna, spyrjum sjálfa okkur oft þessarar spurningar: Hvað getum við gert til að bæta þessi sambönd?

Eitt af því, er ég hygg að verða megi til að bæta stjörnusambönd, er að hver Nýalssinni leggi áherslu á að bæta lífernir sitt. Og það hygg ég að hver sannur Nýalssinni leytist við að gera, sjálfrátt og ósjálfrátt. Sá, sem hefur tileinkað sér hinn Nýalska skilning á tilverunni, hefur um leið öðlast skilning á mikilvægi rétttrar breytni. Innrætið hlýtur að breytast í samræmi við lífskoðun manns, og innrætið er undirrót allrar breytni og allrar framkomu.

Sá, sem hefur tileinkað sér lífskoðun Nýals, hlýtur að hafa samúð með öllu sem lifir. Nýalssinni þarf að vera sönn fyrirmynd í öllu lífernir sínu.

Sannur Nýalssinni fer ekki á dýraveiðar, sér til ánægju. Hann drepur ekki dýr, nema af illri nauðsyn. Hann reynir að valda engum þjáningum, hvorki manni né dýri. Hann reynir að lina þjáningar, lækna, hjálpa. Hann reynir að létta undir í lífsstríði meðbræðra sinna.

Sannur Nýalssinni reynir að losa sig við allar neikvæðar hvatir og tilhneigingar. Undirferli, ósannsögli og illmælgir er meðal þeirra ódyggða, sem hann reynir að uppræta úr fari sínu. Hann skilur, að allt neikvætt í fari hans dregur úr áhrifum hinna góðu lífsambanda; hann reynir því ávallt að lifa og breyta á sem jákvæðastan hátt.

Ingvar Agnarsson.

Reikningar

Félags Nýalssinna

fyrir árið 1974

REKSTRARREIKNINGUR ársins 1974

Gjöld:

Útgáfukostnaður Félagsblaðs		220.750.00
Hítakostnaður húseignar	53.020.00	
Rafmagn	18.170.00	
Auglýsingar	24.738.00	
Fasteignagj. v/Álfhólsv. 121	12.042.00	
Hlutdeild í vegarl. v/ Grafarlands	10.635.00	
Póstburðargjöld	20.720.00	
Símakostnaður	7.726.00	
Brunatrygging húseignar	8.110.00	
Pappí og ritföng	6.020.00	
Kostn. v/fndar í Hveragerði	9.480.00	
Kostn. v/fundar í Norræna húsi ...	4.964.00	
Vaxtagjöld	2.445.00	178.070.20
Viðhald húsnæðis		25.675.00
Afskrift innbús 10% af kr. 410.853.00		41.070.00
Tekjuafgangur		83.085.80
	Samtals kr.	548.651.00

Tekjur:

Innkomin félagsgjöld		240.800.00
Gjafir og áheiti		264.068.00
Vaxtatekjur		16.892.00
Sala bóka og blaða	65.650.00	
÷ Birgðir 1/1 '74 ..	10.000.00	
Keypt á árinu ...	28.759.00	38.759.00
	Samtals kr.	548.651.00

EFNAHAGSREIKNINGUR þ. 31. desember 1974

Eignir:

Peningar í sjóði og banka		115.076.00	
Húseignin Álfhólsv. 121 1/1 '74	1.684.800.00		
÷ munur kostn.verðs og fast.m.	205.800.00	1.479.000.00	
Innbú 1/1 '74	410.853.00		
+ Keypt á árinu ...	12.000.00	422.853.00	
Afskrifað 31/12 '74	41.070.00		
Afskrifað áður	151.783.00	192.853.00	230.000.00
Peningar í sparisjóðsbók nr. 14789		66.286.00	
Peningar á gíróreikn. 6031 í Útvegsb.		569.00	
Útistandandi v/sölu Nýals		652.035.00	
Lánað til útgáfu Miðgarðs		81.935.00	
Bókasafn		4.027.00	
			<u>Samtals kr. 2.628.928.00</u>

Skuldir:

Inneign félagsmanna		310.000.00	
Hítaveita Reykjavíkur		31.272.00	
Fræðslusjóður		27.000.00	
Höfuðstóll 1/1 '74	2.383.370.20		
+ Tekjuafg. '74 ...	83.085.80	2.466.456.00	
÷ Munur kostn.v. og fasteignam.	205.800.00	2.260.656.00	
			<u>Samtals kr. 2.628.928.00</u>

Höfum yfirfarið framanskráða reikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 10. mars 1975.

Haukur Matthíasson (sign).

Ægir Ólafsson (sign).

Yfirlit um starfsemi Félags Nýalssinna

á liðnu starfsári milli aðalfunda,
frá 30.3. 1974 til 22.3. 1975.

1. Miðilsfundir.

Þess er fyrst að minnast, sem ég tel mikilvægasta þáttinn í starfsemi félags okkar, en það er miðilsfundastarfsemin. Alls munu hafa verið haldnir um 200 miðilsfundir á liðnu starfsári. Næstum undantekningarlaust hafa þeir verið haldnir á hverju mánudagskvöldi, og þó að jafnaði verið ætlaðir öðrum þræði fyrir utanfélagsfólk, sem hefur viljað kynnst miðilsstarfsemi eins og hún fer fram á vegum félags okkar, en það sem fram kemur á fundum okkar er með nokkuð öðrum hætti, en er á slíkum fundum hjá sálarrannsóknarmönnum, því allir sem tala miðilsmunni á okkar fundum segjast hafa efnislíkama og eiga heima á öðrum hnöttum.

Auk mánudagsfunda hafa oftast verið haldnir nokkrir aðrir í hverri viku.

Skipulagðir miðilsfundir: Þann 8. janúar 1975 var kosin sambandsfundanefnd, er skyldi annast undirbúning að sérstaklega skipulögðum miðilsfundum. Hafa nú verið haldnir alls 5 fundir með því sniði, undir umsjón nefndarinnar. Hafa þessir fundir verið allfjöl-sóttir, enda ætlaðir öðrum þræði utanfélagsfólki, einkum síðari fundirnir. Eins og allir miðilsfundir hafa þeir tekist misjafnlega vel og er árangur þeirra sambærilegur við það sem gerist á mánudagsfundunum.

Reglulegum miðilsfundum hefur og verið haldið uppi í Keflavík, og hefur miðill þar verið Sigríður Guðmundsdóttir. Munu að jafnaði 12 manns hafa sótt þá fundi.

Á Úlfsstöðum í Borgarfirði hafa einnig verið haldnir miðilsfundir. Miðlar okkar: Sigurður Ólafsson og Sveinn Haraldsson fóru þangað tvisvar sinnum og héldu miðilsfundu í bæði skiptin. Munu þeir báðir hafa tekist allvel.

Auk venjulegra miðilsfunda hefur oft verið efnt til *sérstakra funda* á árinu, í sérstökum tilgangi. Oft hefur það verið þannig

að leitað hefur verið til félagsins með sjúklinga, og hefur þá verið stofnað til lækningafunda. Er ánægjulegt að geta sagt frá því, að í mörgum tilvikum virðist árangur af lækningatilraunum hafa orðið allverulegur. Einnig hefur verið stofnað til sérstakra miðilsfunda, er til okkar hefur verið leitað vegna ástvinamissis viðkomandi fólks. Mun það að jafnaði hafa farið ánægðara af fundi, en er það kom.

2. Miðlar.

Þeir hafa verið fyrst og fremst hinir sömu og undanfarin ár: Sigurður Ólafsson, Sigríður Guðmundsdóttir, Sveinn Haraldsson og Ásmundur Guðbjörnsson. Auk þess hefur mikið starfað á árinu Eggert Loftsson, sem einnig hefur fjarsýnis- eða skyggnihæfileika.

Á árinu hafa komið fram miðilshæfileikar hjá Sigríði Jónsdóttur og Þórdís Malmquist, og e. t. v. einhverjum fleirum, í litlum mæli þó.

Sveinn Víkingur á Úlfsstöðum hefur um árabíl haft miðilshæfileika á sérstöku sviði, og mun á árinu hafa orðið þar um að ræða nokkra breytingu og framför.

Félagið vill þakka öllum þessum miðlum ánægjulegt samstarf. Hafa margir notið ánægju, fróðleiks og jafnvel lækninga, af fórnfúsu starfi þeirra. Ég tel miðilsstarfsemina aðalundirstöðu þess, að árangur og framfarir verði í málefnum okkar. Á slíkri starfsemi byggist starf félags okkar að mestu leyti. Og er afar áriðandi að miðilssambönd gætu batnað svo, að betri lífsambönd færu að takast við lengra komna íbúa annarra hnatta.

3. Fræðslu- og miðilsfundir.

Nokkrir slíkir hafa verið haldnir á árinu. Hafa þeir þá verið auglýstir í fjölmiðlum og árangurinn orðið góð fundarsókn.

- a. 26. janúar 1974. Fundur að Álfhólsvégi 121. 55 manns sóttu fundinn. Ingvar Agnarsson flutti erindi: „Stjórnur og lífsambönd.“
- b. 19. júlí. Fundur á Álfhólsvégi 121, um 85 manns sóttu fundinn. Ingvar Agnarsson flutti erindi: „Samband við framliðna vini.“

- c. 2. júlí 1974. Fundur í Hótel Hveragerði. Um 60 manns sóttu fundinn. Ingvar Agnarsson flutti erindi: „Lífgeislar og lífgeisla-lækningar.“
- d. 30. nóvember. Fundur á Álfrólsvegi 121, um 40 manns sóttu fundinn. Helgi Guðlaugsson flutti erindi: „Tilgangur sambandsfunda.“

Miðill á öllum þessum fundum var Sigríður Guðmundsdóttir, og vill félagið þakka henni sérstaklega, að hafa gert það mögulegt, að þessir fundir voru haldnir. Á fundi þessa komu margir sem ekki koma annars á fundi okkar. Gafst þeim hér tækifæri, bæði til að kynna að nokkru skoðunum dr. Helga Þjeturss á lífsbandinu og því, hvernig miðilsfundir fara fram á vegum félags okkar. Segja má einnig, að þessir fundir hafi í flestu tilliti tekist vel.

4. Kynningar- og umræðufundir.

- a. Í Norræna húsinu var haldinn fundur þann 22. nóvember 1974. Fundargestir voru um 120 manns. Erindi fluttu: Ingvar Agnarsson, „Samband við íbúa annara stjarna.“ Ólafur Halldórsson, „Framtíð mannkyns og hugsanlegar lausnir.“ Þorsteinn Guðjónsson, „Furðuleg fyrirbæri og einfaldar skýringar.“ Umræður urðu miklar um þau mál, sem borin voru fram, og áhugi fundargesta mikill og spurningar vinsamlegar.
- b. Annar kynningarfundur var haldinn í Norræna húsinu þann 14. mars 1975. Fundinn sóttu um 55 manns. Framsögu fluttu: Ingvar Agnarsson, „Hamfarir og fjarsýnir.“ Ólafur Halldórsson, „Um hugsanlegan ferðamáta s. k. fljúgandi diska.“ Jón Bergsson, verkfræðingur, „Um sögu fljúgandi diska og annarra furðuhluta.“ Þorsteinn Guðjónsson, „Um skyldleika fljúgandi fyrirbæra og líkamningafyrirbæra hjá spíritistum.
Aðalumræðuefni var um fljúgandi furðuhluti, sem sjást í gufuhvolfi hnattar okkar og hugsanlegar skýringar á þessum fyrirbærum. Urðu miklar umræður um þessi efni og önnur, og margar fyrirspurnir bornar fram. Var andrúmsloftið á fundinum óþvingað og vinsamlegt, en fundargestir hefðu mátt vera fleiri og þátttaka nýalssinna mátt vera meiri.
- c. Geta má þess að í sambandi við Húsafellsför (þann 21. september 1974) var haldinn kynningarfundur að Húsafelli, þar sem viðstaddir voru þátttakendur ferðarinnar og allmargir úr ná-

grenninu, sem sýnt munu hafa mikinn áhuga á að kynnst þessum málum.

- d. Þann 7. nóvember 1974, hélt Erlendur Haraldsson sálfræðingur, erindi í sambandsstöð okkar um „Rannsóknir á fjarhrifum í sambandi við drauma.“ Var það ánægjulegt og fróðlegt erindi og svaraði hann mörgum spurningum fundargesta um ýmislegt í fræðigrein sinni, en hann hefur lagt stund á fyrirburðafraði.
- e. Þann 6. nóvember 1974, hélt Kjartan Norðdahl fróðlegt erindi í stöð okkar um „Stjörnufræði og stjörnufræðinga liðinna alda,“ og Atli Hraunfjörð sýndi þar 3 stuttar kvikmyndir um stjörnufræði. Urðu miklar umræður um þessi mál, og kom fram áhugi fundargesta á stjörnufræði.
- f. Þann 18. febrúar 1975, var haldin samkoma með kaffidrykkju í Kristalsal Hótel Loftleiða. Erindi fluttu: Ingvar Agnarsson um „Helstefnu í listum“ og Ólafur Halldórsson um „Furðuvegi farfuglanna.“ Yfir borðum var svo rætt um þessi mál og önnur, og sungin nokkur alkunn ljóð. Fundinn sóttu 22 manns.
- g. Þann 6. mars 1975, var haldinn kynningarfundur í Búnaðarskólanum á Hvanneyri í Borgarfirði samkvæmt ósk yfirkennara og nemendafélags skólans. Framsögu á fundinum höfðu Ingvar Agnarsson: „Um heimsskoðun dr. Helga Pjeturss,“ Þorsteinn Guðjónsson: „Um Nýal og Nýalssinna“ og Ólafur Halldórsson: „Um nýjar vísindalegar niðurstöður, sem styðja kenningar Nýals.“ Kynnt voru undirstöðuatriði í kenningu dr. Helga Pjeturss. Urðu miklar og ánægjulegar umræður um þessi mál. 25 manns voru á fundi þessum. Í Hvanneyrarskóla hefur í vetur breiðst út allmikill áhugi á Nýalsmálum, og hefur formaður nemendafélags skólans Guðni Þorvaldsson haft samband nokkrum sinnum, við stjórn Félags Nýalssinna um þessi mál.
Óskir hafa komið víðar að um að halda kynningarfundum, og væri æskilegt að unnt væri að koma því við.
- h. Á félagsfundum þann 5. febrúar 1975, flutti Ólafur Halldórsson líffræðingur, fróðlegt erindi er hann nefndi: „Nokkur orð um erlendar rannsóknir, er styðja kenningar dr. Helga Pjeturss.“

5. Félagsfundir.

Félagsfundir hafa verið haldnir reglulega á árinu, fyrsta miðviku-

dag hvers mánaðar, og á þeim rædd þau mál, er varða félagið hverju sinni.

Á flestum ef ekki öllum félagsfundum hefur einnig verið reynt að innleiða heimspekilegar umræður um Nýalsmál, enda má það teljast nauðsynlegur þáttur hvers fundar, því það er einmitt hinn heimspekilegi grundvöllur, sem félag okkar er stofnað um, og beitir sér fyrir kynningu hinna nýölsku fræða.

Stjórnarfundir hafa undantekningarlaust verið haldnir mánaðarlega, hálfum mánuði fyrir hvern félagsfund. Hafa þeir ævinlega verið boðaðir öllum stjórnarmeðlimum, en þátttaka verið misjöfn.

6. Erindi og upplestur í útvarpi og önnur kynning í fjölmiðlum.

Til kynningar á málefni okkar hafa verið haldin erindi í útvarpi, og upplestur úr Nýal hefur farið þar fram.

- a. Atli Hraunfjörð las upp í útvarpi, 1974 „Um Stjörnu-Odda,“ eftir dr. Helga Pjeturss.
- b. Ingvar Agnarsson 23. ágúst 1974. Kynning á kenningum dr. Helga Pjeturss í þættinum: „Spurt og svarað“: „Um kenningar Nýals og Félags Nýalssinna.“
- c. Þorsteinn Guðjónsson flutti tvö erindi í útvarpið eftir för sína til Ameríku í apríl 1974.
- d. Frásögn birtist í Lesbók Morgunblaðsins, 16. júní 1974, af miðilsfundi hjá Nýalssinum. Var sú frásögn gerð af blaðamanninum Birni V. Sigurpálssyni, sem setið hafði miðilsfund sem gestur.
- e. Kvikmyndatökumaður, Magnús Jónsson, tók stutta kvikmynd með tali af miðilsfundi hjá okkur þann 24. sept. 1974, og mun nú hafa fullgengið frá henni. Hefur hún ekki enn verið sýnd opinberlega en ráðgert er að hún verði sýnd í sjónvarpi, sem þáttur í lengri mynd um þjóðhætti.
- f. Nokkrar greinar hafa birst á árinu í dagblöðum um Nýalsmál, ritaðar af Þorsteini Jónssyni og Þorsteini Guðjónssyni. Þá munu hafa sést greinar í nýölskum anda eftir aðra, og má þar nefna Þorkel Hjaltason, sem birti eina slíka grein í Velvakanda Morgunblaðinu þann 11. febrúar 1975. Kjartan Norðdahl ritaði góða grein og tímabæra um dráp og misþyrmingar á dýrum í

Morgunblaðið. Fleiri Nýalssinnar kunna að hafa ritað greinar í blöð þótt ekki sé mér það kunnugt.

7. Markverðar samþykktir á fundum félagsins.

- a. Þann 5. febrúar 1975 var gerð einróma samþykkt á félagsfundum að skora á alþingismenn að fella frumvarp ríkisstjórnarinnar um frjálssari fóstureyðingar. Áskorun ásamt greinargerð var send öllum alþingismönnum og síðan fjölmiðlum, og var úrdráttur úr henni birtur í útvarpi og í þrem dagblöðum. Er þetta í fyrsta sinn sem félagsfundur tekur afstöðu í opinberu máli og birtir alþjóð álit sitt.
- b. Þann 8. jan. 1975, var samþykkt á félagsfundum að fela stjórn félagsins að undirbúa og kanna möguleika á byggingu nýrrar og fullkominnar stjórnsambandsstöðvar.
- c. Á aðalfundi 30. mars 1974, var einróma samþykkt að gera Þorstein Jónsson, á Úlfssstöðum, heiðursfélagi.
- d. Þann 8. jan. 1975, var ákveðið á félagsfundum að skipuleggja 5 miðilsfundum í tilraunaskyni.

8. Gjafir.

Félaginu hafa borist merkar gjafir á árinu.

- a. Guðrún Grímsdóttir Eyjólfsson, Gimli, Kanada, sendi félaginu (sjá fundargerð 6. febr. 1974) að gjöf 50 dollara, en áður (1973) hafði hún gefið 200 dollara, og auk þess um 60 ha. spildu úr landi jarðarinnar Gröf í Laugardal.
- b. Inga Árnason, í Winnipeg, Kanada, gaf um 26 þús. kr. til útgáfu vandaðs tímarits um Nýalsmál.
- c. Á félagsfundum þann 3. apríl 1974, gaf Pétur Gíslason kr. 100 þúsund til viðgerðar á þaki sambandsstöðvar okkar, sem hafði bilað svo að leki komst í húsið.

Ýmsir fleiri hafa gefið félagi okkar gjafir í peningum, og þakkar félagið öllum þeim, sem fé hafa lagt af mörkum, veitta fjárhagslega aðstoð. En án slíkrar aðstoðar hefði ekki verið unt að framkvæma sumt það, sem annars var bráðnauðsynlegt að gert yrði.

9. Sjálfboðavinna.

Á sl. ári kom fram alvarleg bilun á þaki hússins (svo sem nefnt

var hér að framan), sem nauðsynlegt var að gera við sem allra bráðast, til að koma í veg fyrir frekari skemmdir af völdum vatns. Leitað var undirtekta félagsmanna um stuðning í fjármunum og vinnu. Eins og áður segir lagði Pétur Gíslason fram stuðning í myndarlegri fjárupphæð, í þessu skyni. Einnig var leitað samskota á félagsfundi og söfnuðust 49 þúsund krónur frá ýmsum. Þakkar félagið þeim öllum veittan stuðning.

- a. *Viðgerð á þaki.* Þórir Kristinsson og Sigurður Benediktsson tóku að sér verklegu hliðina á viðgerð þaksins, og gáfu alla þá vinnu, sem þeir lögðu þar fram. Vill félagið þakka þeim þetta ómetanlega framlag þeirra.
- b. *Lögun lóðar.* Sigurður Guðmundsson tók að sér að laga lóðina, fylla upp og ganga frá bílastæðum, svo að nú er aðkoman að húsinu mjög þokkaleg. Sigmundur sonur hans mun hafa unnið að þessu með honum. Félagið þakkar þeim hér með fyrir þetta mikilsverða framlag þeirra.
- c. *Tenging hitaveitu.* Er hitalögn hafði verið lögð að húsinu tók Ásmundur Guðbjörnsson að sér alla vinnu við að setja hana í samband við miðstöðvarkerfi hússins. Alla vinnu sína gaf hann félaginu og einnig það efni er með þurfti. Kann félagið honum sínar bestu þakkir fyrir þetta framlag hans.
- d. *Húsið að utan.* Málning á húsinu að utan var farin mjög að láta á sjá, svo að til óþrýði var. Atli Hraunfjörð í Keflavík bauðst þá til að taka að sér að mála allt húsið að utan með hjálp Guðmundar bróður síns. Lögðu þeir fram alla vinnu við málun hússins endurgjaldslaust, og vill félagið þakka þeim þetta ómetanlega framlag þeirra. Er nú útlit hússins félaginu til sóma og sýnir enn einu sinni hve fórnfúst starf einstaklinga innan félagsins er oft nauðsynlegt og raunar ómissandi, ef vinna á það sem gera þarf.
- e. *Geymsla í kjallara.* Samúel Jónsson tók að sér, (líklega óbeðið, og er það þeim mun lofsverðara) að lagfæra geymslu félagsins í kjallara hússins. Þetta mun hafa verið á árinu 1973, en enn mun ekki hafa verið minnst á þetta framtak hans á opinberum fundi í félaginu. Setti hann þarna upp hillur og kom þar fyrir ritum þeim, sem félagið á enn af Íslenskri stefnu og Félagsblaði Nýalssinna. Einnig kom hann þarna fyrir litlum rafmagns-

ofni, svo að hæfilegur hiti geti haldist í geymslunni, til að vernda þessi rit frá skemmdum.

Þetta framtak Samúels er enn eitt af þeim lofsverðu sjálfboðaliðsstörfum, sem ýmsir félagar og velunnarar málefnsins hafa lagt af mörkum, og öll miða að eindrægni meðal félagsmanna og létta hið sameiginlega átak að framgangi og útbreiðslu sambandsmála.

10. Skrá yfir ritverk dr. Helga Pjeturss og söfnun ritgerða hans.

Skrá yfir ritverk dr. Helga Pjeturss kom út fyrrihluta árs 1974. Útgefandi skrárinnar er útgáfufélagið Urð, en þau Elsa G. Vilmundardóttir og Samúel D. Jónsson söfnuðu og tóku saman efni hennar.

Söfnun ritgerða dr. Helga Pjeturss, annarra en þeirra, sem í Nýal eru, var hið mesta nauðsynjaverk. Þau hafa verið flestum mjög óaðgengileg, dreifð í blöðum og tímaritum frá löngu tímabili. Er ánægjulegt að flestar ritgerðir dr. Helga eru nú komnar á einn stað, og eru varðveittar þar í ljósrítum. Samúel Jónsson vann þarna tímafrekt söfnunarstarf, en Elsa G. Vilmundardóttir tók saman skrána og studdist þar að nokkru við skrár, sem áður höfðu verið gerðar, en þær voru einkum ýmsar ritskrár um verk dr. Helga Pjeturss eftir Jakob Líndal, Jóhannes Áskelsson og Þorstein Guðjónsson.

Er að skránni mikill fengur, og ekki síst að ritgerðasafninu. Mun það auðvelda mjög alla fræðilega könnun á ritum dr. Helga Pjeturss. Að því mun kom fyrir eða síðar, að hafist verður handa um útgáfu frekari ritgerðasafna eftir hann, í framhaldi af Nýal, og er þá mikil undirbúningsvinna þegar af hendi leyst, þar sem er þetta safn ritgerða hans, allt á sama stað. — Eiga þau Samúel og Elsa miklar þakkir skildar fyrir þetta lofsverða framtak og tímafreka.

11. Útgáfustarfsemi.

- a. Snemma árs 1974 kom út bókin „*Lif er á öðrum stjörnum*“ eftir Þorstein Guðjónsson. eru þar saman komin undirstöðuatriðin í kenningum dr. Helga Pjeturss, og sagt frá ýmsum þeim vísindalegu rannsóknum og niðurstöðum þeirra á síðari árum, sem farnar eru mjög að nálgast kenningar hans og ályktanir á sumum sviðum.
- b. Fyrsta hefti af tímaritinu „*Miðgarður*“ kom út snemma árs 1974. Ritsjóri þess er Kjartan Norðdahl. Er það mjög vandað að öllum ytra búngi og efni þess vandað eins og best eru tök á.

- c. *Félagsblað Nýalssinna* kom út á árinu í 9 heftum, alls 244 bls. (samtals gefin út 5240 eintök). Voru 4 heftin einkum fréttir af félagsstarfi (alls 88 bls.) en 5 heftin (alls 156 bls.) fluttu einkum efni heimspekilegs eðlis og sem mest í Nýölskum anda. Alls munu um 20 manns hafa ritað í blaðið á árinu.

12. Starfshópar.

Á félagsfundum hefur stundum verið rætt um að æskilegt væri að starfshópar eða deildir í Félagi Nýalssinna væru starfræktar úti á landsbyggðinni.

- a. Í Keflavík hefur um alllangt skeið starfað slíkur hópur, og stundað miðilstilraunir undir forustu Atla Hraunfjörð og Sigríðar Guðmundsdóttur, sem er hinn ágætasti miðill. Er þessi starfsemi mjög jákvæð og þyrftu hliðstæðir hópar að geta myndast sem víðast á landinu.
- b. Í Hvanneyraskóla í Borgarfirði hefur í vetur þróast lofsverður áhugi á Nýalsmálum og hafa allmargir nemendur skólans kynnt sér kenningar dr. Helga Þjeturss allvel.
- c. Á Úlfsstöðum í Borgarfirði hefur lengi, eins og okkur öllum er kunnugt, verið einskonar miðstöð fyrir nýalskan áhuga og nýölsk fræði, enda þar búsettur einn fyrsti og fremsti forvísmaður þessara mála, Þorsteinn Jónsson, stofnandi félags okkar og höfundur nokkurra bóka, auk fjölmargra greina í blöðum og erinda í útvarpi, sem allt hefur miðað að kynningu og útbreiðslu á hinum nýalska skilningi. Tengdasonur hans, Sveinn Víkingur, er kennari í Reykholti, og munu nýalskar skoðanir hans nú vera farnar að bera árangur og vekja áhuga meðal nemenda í Reykholti. Er þetta ánægjuleg þróun, og þyrfti víðar í skólum að vera á sama veg.
- d. Samtök Nýalssinna og skoðanabræðra þeirra þyrftu að komast á sem víðast úti á landsbyggðinni. Þyrfti félag okkar hér að stuðla að myndun slíkra hópa. Yrði að því hinn mesti ávinningur fyrir framgang hins nýalska málstaðar.

13. Ferðalög.

- a. *Þjóðhátíðarfarir* var farin á vegum félagsins 3. til 6. ágúst og var Kjartan Norðdahl hvatamaður hennar og stjórnandi. Farið var um Þingvelli, Borgarfjörð, um Snæfellsnes og kringum Snæfells-

jökul. Voru miðilsfundir haldnir á Úlfsstöðum og við Fróðá á Snæfellsnesi og erindi flutt á Þingvöllum, á Kaldadal og við Arnarstapa. Þátttakendur voru alls um 30. Veður var ágætt allan tímann og þótti ferðin takast sérstaklega vel, og voru allir ánægðir að leiðarlokum.

- b. *Húsafellsfjör*. Þangað var farið 20. september, í boði Kristleífs Þorsteinssonar. Þátttakendur um 20. Haldinn var þar miðilsfundur og kynningarfundur fyrir gesti eins og áður segir. Kom-ið var heim á þriðjudegi 22. sept. Þótti ferðin takast hið besta, og var öllum þátttakendum til ánægju. Umsjónarmaður þessarar ferðar var Helgi Guðlaugsson.
- c. *Ameríkuför*. Þorsteinn Guðjónsson fór til Ameríku þann 4. apríl 1974, og kom aftur þann 2. maí. Kostnaður við förina var boðinn fram af einum félagsmanni, sem lengi hefur verið stöð og stytta félagsins og málefnisins yfirleitt. Þorsteinn kom í Ís-lendingabyggðir í Kanada og hitti þar fólk, er allengi undan-farið hefur styrkt starfsemi Félags Nýalssinna og unnið að kynn-ingu á sambandsmálum meðal landa sinna. En lengst stóð Þor-steinn við í Kaliforníu í Bandaríkjunum, og átti þar tal við ýmsa þá er helst beita sér fyrir rannsóknum í fyrirburðafræði og könnun ýmiss konar fyrirbrigða.
- d. Þess má geta um leið að á Þingvöllum var haldin þjóðhátíð sunnudaginn 28. júlí 1974, í tilefni þess að 11 hundruð ár eru liðin frá norrænu landnámi Íslands. Ekki efndu Nýalssinnar til neinnar sameiginlegrar ferðar á þessa hátíð, en mjög margir þeirra munu hafa farið þangað. Veður var dásamlegt þennan dag, og munu allir hafa notið dagsins og hátíðahaldanna í rík-um mæli. Ég vil geta þess að mér fannst mikil samstillingaralda eins og gagntaka þúsundirnar á hátíðasvæðinu, er sungið var hið dýrðlega ljóð Steingríms Thorsteinssonar: „Yfir voru ættar-landi.“ Hefi ég talað við fleiri, er fannst á sama veg. Það var eins og háttíðleg tilfinning eða stemning hvers einstaklings í þessum mikla mannfjölda leggði inn í vitund manns. Á slíkt stig og enn hærra þyrfti samstilling að komast miklu oftar.

14. Nefndir á vegum Félags Nýalssinna.

Ýmsar nefndir voru stofnaðar 1973 og 1974. Má þar nefna: Miðilsfundanefnd, Tækjanefnd og Smáritanefnd.

- a. Tækjanefnd mun lítt hafa verið starfandi á árinu, að öðru leiti en því að Ævar Jóhannsson hefur haldið áfram að fullkomna tæki sín, sem er lífgeislaljósmyndunarvél og segulmælitæki, sem m. a. getur mælt geislun og áhrif frá lifandi fólki.
- b. Smáritanefnd, en í henni eru Benedikt Björnsson og Ingvar Agnarsson. Í samvinnu við Þorstein Guðjónsson unnu þeir að útgáfu bókarinnar „Líf er á öðrum stjörnum,“ eins og áður er getið.
- c. Ljósmyndanefnd. Gunnar Grettisson hefur tekið ljósmyndir af þeim Nýalssinum, sem hann hefur getað náð til.
- d. Miðilsfundanefnd hefur séð um og skipulagt þá „Fræðslu- og miðilsfundi“ sem haldnir hafa verið.

15. Látnir félagar.

- a. Ragnar Sturluson, ritari félagsins, andaðist þann 2. des. 1974. Var hann lengi áhugasamur Nýalssinni, sem lét flest mál til sín taka og reyndist tillögugóður. Hann var kosinn ritari félagsins á aðalfundi 1974.
- b. Í Ameríku andaðist á árinu 1974 Steinunn Inge (Foam Lake, Sask., Kanada), sem um áarábil hefur haft samband við félag okkar, og hefur verið ötull málsvari hins nýalska málstaðar meðal hinna mörgu, sem hún hefur þekkt.

16. Rödd dr. Helga Pjeturss flutt af segulbandi.

Á aðalfundi 30. mars 1974, var flutt af segulbandi upphaf ritgerðarinnar: „Íslensk vísindi og framtíð mannkynsins,“ eftir dr. Helga Pjeturss, flutt af honum sjálfum í Ríkisútvarpinu árið 1946. Þótti öllum viðstöddum mikið til koma að heyra rödd þessa mikla brautryðjanda sambandsvísindanna svo löngu eftir, að hann er fluttur af okkar jörð.

17. Sambönd við menn í öðrum löndum.

Allmikil bréfaskipti hafa farið fram við menn í öðrum löndum, sem áhuga hafa á að kynna sér hin nýölsku sjónarmið á tilverunni. Eins og undanfarin ár hafa hinir pólsku samherjar Edward Michalski og Jerzy Wielunski unnið talsvert að kynningu hins nýja skilnings á sambandsmálum í heimalandi sínu, og með bréfaskiptum við ýmsa menn í mörgum löndum. Jerzy fór á árinu til Mexíkó og

dvaldi þar um tíma. Auk þessara tveggja pólverja, hafa margir aðrir leitað upplýsinga um kenningar dr. Helga Pjeturss og hefur að einhverju leiti verið leitast við að svara þeim og skýra frá meginatriðum í sambandsskilningi okkar. Þykist ég þess fullviss að hljómgrunnur myndi fást í þessu máli, ef betri aðstaða væri til kynningar þessa málefnis erlendis, og ef fleiri legðu þar hönd á plóginn.

18. Athyglisverð fyrirbæri á árinu.

Þar sem félag okkar hefur ævinlega veitt ýmsum furðulegum fyrirbærum athygli og reynt að skilja þau á náttúrufræðilegan hátt, vil ég geta hér nokkurra slíkra, sem gerst hafa á landi okkar.

- a. Tíminn skýrði frá því 4. desember 1974, að nokkrum dögum áður hefði sést einkennilegt ljósfyrirbæri úti í Akureyjum á Breiðafirði. Margt fólk á Skarðsströnd og við Gilsfjörð sáu þetta fyrirbæri.
- b. Seint í janúar s.l. sást svífandi furðuhlutur yfir Húsavík, og fylgdust fjölmargir með þeirri sýn, um allanga stund. Þetta var um kvöld í myrkri. Að sögn stafaði eins og koparlitum málmgljáa frá hlutnum.
- c. Síðar sást yfir Vopnafirði ljós, sem var svo skært, að blindaði mann sem þar var á ferð úti við.

Þótt frásagnir, sem birst hafa af þessum atburðum séu óglöggar, má þó telja víst að hér hafi verið um óvenjulega atburði að ræða, og er full ástæða fyrir Nýalssinna að reyna að fylgjast sem best með því sem gerist á þessum sviðum, því a. m. k. sumt af því munu vera sambandsfyrirbæri.

— — —

Ég tel alveg víst að eitthvað muni vera vansagt í því sem hér hefur verið greint frá og einnig að eitthvað kunní að vera missagt í einhverjum atriðum og ef svo er óska ég eftir leiðréttingum.

Ingvar Agnarsson.

Flutt á aðalfundi, 22. mars 1975.

Kynningarfundur um „fljúgandi diska“

Félag Nýalssinna boðaði til almenns kynningarfundar um efnið: „*Hvað eru fljúgandi diskar?*“ í Norræna húsinu þ. 14. mars og hófst hann kl. níu. Formaður félagsins, Ingvar Agnarsson setti fundinn og bað Ragnar Þorsteinsson vera fundarstjóra, en síðan flutti Ingvar yfirlitserindi um það efni sem auglýst hafði verið, eins og það horfir við út frá skilningi Nýalssinna.

Annar ræðumaður var Ólafur Halldórsson, líffræðingur, og fór hann einnig nokkrum orðum um skilning sinn á eðli þeirra fyrirbæra sem nefnd hefðu verið þessu nafni, en skýrði síðan nokkuð frá þeim furðulegu skipahvörfum og flugvéla sem orðið hafa yfir Karabíska hafinu fyrr og síðar.

Á eftir Ólafi talaði Jón Bergsson, verkfræðingur, og rakti nokkuð sögu þessara fyrirbæra, bæði þeirra sem kunn hafa orðið í nútíðinni undir áðurnefndu nafni, og annarra frá fyrri tímum sem ástæða er til að setja í samband við þessi.

Fjórði ræðumaður var Þorsteinn Guðjónsson og benti hann sérstaklega á skyldleika flugdiskafyrirbrigðanna við líkamningafyrirbæri spíritismans, og einnig minntist hann á það að frásagnir af slíkum fyrirbrigðum hefðu alloft komið fram hér á landi að undanfögnu, en þar sem skilningur væri ekki fyrir hendi á eðli þeirra, væru fréttir af þessu mjög í molum og oft og einatt þaggaðar niður.

Þessu næst voru sýndar nokkrar litskyggnur sem Garðar Olgeirsson í Hellisholtum hafði tekið gegnum heimasmiðaðan stjörnusjónauka sinn 16. ágúst 1968. Síðan bauð fundarstjóri mönnum að bera fram spurningar.

Einn spurði: Er vitað til þess að mennirnir í þeim geimförum sem telja má að „flugdiskarnir“ séu, hafi reynt að hafa samband við jarðarbúa, með „hugtali“ eða gegnum miðla. Annar fundargestur sagði: Þið gleymduð „svarta riddaranum.“ „Svarti riddarinn“ er gervitungl sem kom á braut árið 1957 eða fyrr, án þess að nokk-

urt stórveldi kannist við að hafa sent hann upp. Hann næst stundum á tæki, og fylgir þá réttum hreyfingalögmálum, en stundum hverfur hann í lengri tíma. Geimvísindastöðvarnar kannast vel við hann, viðurkenna hann ef um hann er spurt, en vita ekki skýringu á honum. Þriðji fundarmaður sagðist að vísu vel kannast við sögur um að skip, flugvélar og jafnvel heil þorp hefði horfið með öllu saman — en væri nokur ástæða til að setja slíkt í samband við fjarhrif og hugsanaflutning eins og ræðumenn hefðu gert?

Fyrstu spurningunni var svarað þannig, að hugtal við flugdiskastjórnendur væri algengt meðal þeirra sem trúað hafa á fyrirbærin. Varðandi aðra spurninguna játuðu fundarboðendur ókunnugleika sinn á „svarta riddaranum“ og þökkðu spyrjanda veitta vitneskju. En hvað snerti skyldleika þess fyrirbæris að hverfa í einum stað og koma fram í öðrum — við fjarhrif og hugsanaflutning, þá bentu ræðumenn á það samræmi sem fæst í slíkar frásagnir út frá sjónarmiði Nýals umfram það sem annars staðar er um að ræða. Fjarhrifin eru einfaldasta stig slíkra fyrirbæra, og það sem flestir eiga auðveldast með að trúa, en sé litið á þau sem orkufyrirbæri verður einnig ljóst yfir sambandinu varðandi hin meiri fyrirbæri. Hlutir hverfa ekki út úr alheiminum heldur milli staða hans, frá stjörnu til stjörnu. Þegar maður hverfur *gersamlega* og kemur aftur fram eftir 2—3 daga eða hvaða tíma sem er, þá hefur hann (oftast) horfið yfir á aðra stjörnu á meðan (sbr. sögu Jesú).

4. spurning var um hvaða aflagjafi væri að verki þar sem flugdiskar eru.

5. spurning var um það hvernig Nýalssinnar settu skyggisýnir í samband við sjálfa flugdiskana eða líkamningana. Sbr. 3. spurningu. — Ólafur Halldórsson lýsti því að nokkru hvernig aflsvæði koma þarna til greina, að jarðarbúar hafa lítið frumkvæði í þessum efnum, en þó er það undir hugarfari og ástæðum komið hér, hvort fyrirbærin geta orðið.

6. Maður spurði hvort sannað væri að þessi skipa- og flugvélahvörf hefðu ekki orðið með einhverjum venjulegri hætti en þeim sem hér væri gert ráð fyrir. — Ólafur sagði að þar sem hvörfin þarna í Karabíska hafinu hefðu orðið svo mörg og skyndileg, í góðu veðri o. s. frv. væri venjulegum ástæðum naumast til að dreifa.

7. Spurning kom fram um það hvort ekki væri til líf sem væri annars eðlis en hið jarðneska á öðrum hnöttum sólhverfisins, þannig að sérstök tegund lífs þróaðist á Júpíter annað á Úranusi og enn eitt á Neptúnusi, og var í þessu sambandi einnig spurt um fíngerð-

ara efni en hið jarðneska. — Ólafur sagði að menn yrðu að miða við það sem þeir þekktu, og hvað hina ýmsu hnetti sólhverfis okkar snerti, þá væru lífsástæður þar næsta litlar: of heitt á Venusi, gashjúpur um Júpíter og fleiri af hinum ytri hnöttum. Ýmislegt hefði mönnum dottið í hug um Marz, og meðal annars að tunglin hans tvö væru gömul byggðasöfn frá liðinni menningu.

Minnst var enn á skipahvörfin og önnur slík, og sagði Þorsteinn þá að erfiðara mundi vera að koma slíku hingað til jarðar en að taka það héðan, en þó gæti hvort tveggja átt sér stað. Taldi hann þýðingarmikið að slík mál fengjust rædd opinberlega og ekki farið laumulega með þau, nefndi í því sambandi silfurfestina kunnu, sem rannsaka þyrfti á viðurkenndan hátt af þeim sem aðstöðu hefðu til. Ævar Jóhannesson sagðist mundu geta framkvæmt slíka rannsókn, og minntist á skyld fyrirbrigði á vegum Indverjans Sai Baba. Voru ýmis dæmi nefnd í því framhaldi.

Þorsteinn beindi því til fundargesta, — þar sem margar furðulegar sögur hefðu nú komið fram — hvort ekki væri nú eitthvað sem menn efuðu hér eða fyndist ástæða til að gagnrýna, hvort ekki væri eitthvað af því sem hér væri sagt, sem menn mundu efast um þegar heim kæmi og frá liði?

Maður varð vel við þessari áskorun og sagðist að vísu síst vilja rengja öll fyrirbæri af þessu tagi, en hann kvaðst hafa rætt við kunningja sinn á Austfjörðum, sem horft hefði á fyrirbærið 24. maí 1973 bæði með berum augum og í sjónauka, og hefði helst virst þetta líta út sem geysistór plastpoki eða eitthvað slíkt. Taldi maðurinn óvarlegt að fullyrða að hvaðeina sem ekki væri vitað deili á, væri komið hingað hamförum.

Þessu svaraði Þorsteinn og þakkaði athugasemdirnar, sem hann sagði mjög kærkomnar, því að efasemdir eins og þessar könnuðust Nýalssinnar vel við — gallinn væri aðeins sá að þær væru venjulega geymdar og duldar en ekki sagðar. En það sem gerði sig öruggan að halda fram sambandsæðli Austfjarðafyrirbærisins væru ýmsar hliðstæður. Þennan sama dag var haldinn í Reykjavík blaðamannafundur Anthony Brooke's og Grete Ahlberg (Hótel Esju) á vegum Félags Nýalssinna, og áttust þar við fulltrúar hins sljóa almenningsálits (blaðamenn) og fulltrúi frjálsrar hugsunar og hugarflugs, Anthony Brooke, sem ávann sér hylli og vinsældir. Við þetta batnaði aflsvæði Íslands, og þá var eins og við manninn mælt: fyrirbæri yfir Austfjörðum, það er lengst frá hinu trega og hleypidómafulla Reykjavíkur-aflsvæði. Þegar við þetta bætist fyrirbærið yfir Vestmanna-

eyjum, sem sannanlega náðist á kvikmynd sama dag, þá verða þarna þrír mikilsverðir þættir sem gera það líklegt, að miklir sambandskraftar hafi verið yfir landinu þennan dag, er því ástæða til að álykta að bæði Austfjarðafyrirbærið (sem einnig sást úr Eyjafirði) og Vestmannaeyjafyrirbærið hafi verið sambands- og líkamningafyrirbæri frá öðrum hnöttum. Því annars staðar að koma ekki slík fyrirbæri.

Þorsteinn Guðjónsson.

Um kynningarfund í Hvanneyrarskóla

Fjórir félagar Nýalssinna lögðu land undir fót eða öllu heldur undir farartæki, og héldu upp að Hvanneyri í Borgarfirði 7. mars sl., til þess að taka þátt í fundi um Nýalsmál, sem stofnað hafði verið til á vegum búnaðarskólans þar. Fundur var settur um kl. 8,30 í fundarsal húss sem stendur vestanhallt við gömlu aðalbygginguna.

Ólafur Dýrmundsson yfirkennari setti fundinn og ávarpaði nemendur og kennara og bauð hann Nýalssinna sérstaklega velkomna. Framsöguerindi fluttu Ingvar Agnarsson, formaður Félags Nýalssinna, Ólafur Halldórsson, líffræðingur og Þorsteinn Guðjónsson. Fjöldi fyrirspurna og athugasemda kom fram, bæði af hendi nemenda og kennara, og leituðust Nýalssinnar við að svara þeim eftir því sem efni stóðu til. Spurt var um drauma, um líf á öðrum stjörnum, kenningar v. Dänikens, hraða lífgeislans í samانبurði við rafsegulgeislun og um upphaf lífsins. Einnig komu fram athugasemdir um undirvitund og takmörkun hraðans við ljóshraðann, sem sýndu að þær hugmyndir eiga enn nokkur ítök — en þó ekki sterkari en svo, að þær koma ekki lengur í veg fyrir að fundur eins og þessi verði haldinn.

Þorsteinn Jónsson og Sveinn Þ. Víkingur komu til fundarins nokkru eftir að hann var hafinn, og tóku þeir báðir þátt í umræðum þeim, sem þarna fóru fram. Með þeim var einnig Bjarni Skarphéðinsson í Andakílsárverkjun. Guðni Þorvaldsson nemandi í framhaldsdeild, mun hafa beitt sér fyrir því, ásamt einhverjum öðrum, að þessi fundur yrði haldinn, og er það eitt út af fyrir sig vottur um vaxandi framtak og áhuga. Fundinum lauk á tólfta tímanum og munu hann hafa setið um 35 manns. Steingerður Þorsteinsdóttir ritaði minnisgreinar um umræðurnar.

Töluverður áhugi virðist vera á þessum málum meðal ýmsra þarna á og umhverfis Hvanneyri, en hitt dylst ekki heldur, að röt-

gróin andúð er til, og dregur hún úr mætti þeirra sem betur vilja. Ráðið við slíku hygg ég vera það að halda sem best fram kenningunni um sambandseðli drauma. Hver sá sem það gerir mun geta haldið sér réttum, og jafnvel haft strauminn með sér. Draumasambönd munu þá eflast við líf á líku stigi, frumlíf á öðrum hnöttum, við þá sem best eru vitandi þar. En það greiðir aftur fyrir aðstreymi frá lengra komnum lífstöðvum.

Þorsteinn Guðjónsson.

Spjall um hin nær- tækustu verkefni

Nýalsstefnunnar og Nýalssinna

Viðfangsefni nýalsstefnunnar eru óprotleg, og því fyrr, sem unnt er að hefja eitthvert starf, sem nauðsynlegt er að hefja og því betur, sem það starf tekst í byrjun, því betri árangurs verður að vænta. Hver mundu þá vera þau verkefni, sem brýnastrarar úrlausnar bíða? Mig langar til að nefna hér nokkur atriði:

1. *Kynningar- og útbreiðslustarf*. Mér virðist augljóst, að eitt hið brýnasta viðfangsefni er að koma samlöndum okkar til fulls skilnings á mikilvægi nýalsstefnunnar, og að með framgangi hennar megi vænta hinnar mestu breytingar á högum þjóðarinnar og mannkynsins alls. Ritin „Miðgarður“ og „Lífgeislar“ miða í þessa átt. Félagið óskar eindregið eftir því, að allir félagsbundnir Nýalssinnar og aðrir velunnarar málefnsins geri sitt til að efla þau og koma þeim á framfæri við vini og kunningja og fá þá til að lesa þau og kynna sér þann boðskap, sem þau hafa að flytja. Einnig að afla þeim fastra áskrifenda, svo sem verða má.

2. Bókin „*Líf er á öðrum stjörnum*“ eftir Þorstein Guðjónsson. Þessa bók þyrftu sem allra flestir Íslendingar að lesa, sem undirbúning þess, að lesa allar Nýalsbækur dr. Helga Pjeturss og tileinka sér kenningar hans og skoðanir á sambandi alls sem lifir, og þar með skilja, að annars staðar úr alheimi má vænta þeirrar hjálpar, sem nægja mundi til björgunar mannkyns okkar frá sívaxandi ógnum, sem allir jarðarbúar verða varir við meira og minna.

3. Kynna þarf hinn nýalska skilning erlendis svo fljótt sem verða má. Allt of lengi hefur það dregist.

4. Undirbúning þarf að hefja að nýrri og *vandaðri stjörnusambandsstöð*, er yrði aflvaki þess sem koma skal og leysi úr læðingi þau öfl, sem enn blunda í brjóstum svo margra. Þessi öfl þurfa að fá framrás, svo að stórvirki geti orðið unnin. Til þess að slík stöð geti risið af grunnni, þarf þjóðin að skilja hlutverk sitt og sameinast í samstilltu átaki til að hrinda áleiðis þessu mikla verkefni. En til

Þess að hægt sé að vænta þjóðarsamstöðu í svo mikilvægu máli, sem byggingu veglegrar stjörnusambandsstöðvar, verður alþjóð að gera sér ljóst mikilvægi hins nýalska heimsskilnings.

5. Það er hlutverk okkar Nýalssinna, sem teljum okkur búa yfir nokkurri þekkingu á þessum málum að leiða þjóðina til þessa skilnings. Leggjum okkur því öll fram, eftir getu og aðstæðum hvers og eins. Leitum nánara sambands við hinar æðri verur, sem við vitum, að beina lífsorku sinni til hjálpar okkur jarðarbúum. Gerum okkur far um að hugsa þannig og breyta, að öll sundrung og ósamstilling megi hverfa úr okkar eigin röðum, svo okkur megi takast með samstilltu átaki og með hjálp hinna lengra komnu, hið mikla hlutverk, sem okkur er ætlað að leiða til sigurs.

Reynum að vera sem best samtaka hinum æðri verum, reynum að verða þeim heldur til stuðnings en til hindrunar.

Ingvar Agnarsson.

Rit Félags Nýalssinna til sölu og dreifingar

Líf er á öðrum stjörnum

eftir Þorstein Guðjónsson. 68 bls. Undirstöðuatriði kenninga Nýals tengdar því, sem áunnist hefur í vísindum á síðari árum. — Verð kr. 200,00.

Miðgarður

fyrsta hefti 1974. Heimsmyndin og fleiri greinar í anda Nýals. — Verð kr. 200,00.

Félagsblað Nýalssinna

Ætlað félagsmönnum. Flest eldri hefti eru enn til af blaðinu.

Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. Áætlað er að 5 hefti komi út á árinu 1975, 36 bls. hvert hefti. — Áskriftargjald 1975 er kr. 500.00.

Íslenzk stefna

Tímarit, gefið út á árunum 1951—1963. — Nokkur hefti eru enn fáanleg.

FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.



Lífgeislar

ORÐSENDING

TIL NÝALSSINNA

Tímaritið **LÍFGEISLAR**, fyrsta hefti er komið út og er ætlunin að þau verði a. m. k. fimm á þessu ári.

Áskriftargjald er **kr. 500,00** fyrir þetta ár, og verður ritið sent kaupendum þeim að kostnaðarlausu.

Kæru félagar, reynið hver og einn að afla **LÍFGEISLUM** sem flestra áskrifenda. Þið munuð hafa tækifæri til þess, hvar sem þið eigið heima á landinu. Skrifði félaginu og biðjið um áskriftarkort.

Ætlunin er einnig að **LÍFGEISLAR** verði til sölu í bóka-verslunum og í blaðsölum, bæði í Reykjavík og úti um land. Eintakið kostar í lausasölu **kr. 100,00**.

Þeir félagar, sem svo eru settir úti á landsbyggðinni, í kaupstöðum eða kauptúnum, að geta komið **LÍFGEISLUM** í slíka sölustaði, og eru fúsir til að leggja af mörkum einhverja fyrirhöfn í því sambandi, eru hér með beðnir að hafa samband við félagið.

Kæru félagar, stuðlið að því, hver eftir sinni getu, að **LÍFGEISLAR** geti orðið útbreitt tímarit.

FÉLAG NÝALSSINNA

PÓSTHÓLF 1159 — REYKJAVÍK

EFNISYFIRLIT

Baldur (sjá forsíðumynd) I.A.	Bls. 22
Félagsfundur 5. febrúar 1975	— 23
Samþykkt áskorun til alþingismanna vegna fóstureyðinga- frumvarps á Alþingi.	
Félagsfundur 5. mars 1975	— 25
Umræður um sviði, líkamninga o. fl.	
Aðalfundur 22. mars 1975	— 28
Reikningar félagsins 1974. Kosning stjórnar. Rödd dr. Helga Pjeturss af segulbandi.	
Félagsfundur 2. apríl 1975	— 30
Um fyrirstöðu gegn málefni Nýals, o. fl.	
Breyttni Nýalssinna	— 31
Reikningar Félags Nýalssinna fyrir árið 1974	— 32
Yfirlit um starfsemi Félags Nýalssinna á liðnu ári	— 34
1. Miðilsfundir	— 34
2. Miðlar	— 35
3. Fræðslu- og miðilsfundir	— 35
4. Kynningar- og umræðufundir	— 36
5. Félagsfundir	— 37
6. Erindi og upplestur í útvarpi og blöðum	— 38
7. Markverðar samþykktir á fundum félagsins ...	— 39
8. Gjafir	— 39
9. Sjálfböðavinna	— 39
10. Skrá yfir ritverk dr. Helga Pjeturss	— 41
11. Útgáfustarfsemi	— 41
12. Starfshópar	— 42
13. Ferðalög	— 42
14. Nefndir á vegum Félags Nýalssinna	— 43
15. Látnir félagar	— 44
16. Rödd dr. Helga Pjeturss á segulbandi	— 44
17. Sambönd við menn í öðrum löndum	— 44
18. Athyngisverð fyrirbæri á árinu	— 45
Kynningarfundur um „fljúgandi diska“ P.G.	— 46
Um kynningarfund í Hvanneyrarskóla P.G.	— 50
Spjall um hin nærtækustu verkefni I.A.	— 52
Rit Félags Nýalssinna til sölu og dreyfingar	— 54
Orðsending til Nýalssinna. I.A.	— 55

Stjórnumbandsstöðin, Álfrólsvégi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.